

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Fjallabyggð.

*Deiliskipulag frístundabyggðar Saurbæjarási, Siglufirði.*

Bæjarráð Fjallabyggðar, f.h. bæjarstjórnar, samþykkti 30. ágúst 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar á Saurbæjarási. Breytingin felur í sér að heimilt verður að koma fyrir einu smáhýsi innan hvorrar lóðar sem er að hámarki 15 fm að stærð og um gilda ákvæði byggingarreglugerðar hverju sinni. Málsmeðferð var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Fjallabyggð, 2. september 2024.*

**Íris Stefánsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 16. september 2024